



Landssamband æskulýðsfélaga

Sambandsþing LÆF

Haldið þriðjudaginn 18. maí 2010 í kjallara Hins hússins

Mættir: Kjartan Hansson (KH) AIESEC, Snædís Ylfa Ólafsdóttir (SYÓ) AFS, Steinunn S. Kristjánsdóttir (SK) AFS, Íris Þórarinsdóttir (ÍP) Veraldarvinir, Anna Lúðvíksdóttir (AL) SEEDS, Jón Ómar Gunnarsson (JÓG) KSH, Bogi Benediktsson (BB) KSH, Hreiðar Már Árnason (HMÁ) SÍF, Heiða Karen Sæbergisdóttir (HKS) SÍF, Hilmar Örn Egilsson (HÖE) AUS, Gunnlaugur Bragi Björnsson (GBB) URKÍ, Hrönn Björgvinsdóttir (HB) URKÍ, Arna Garðarsdóttir (ArG) URKÍ, Dagný Ósk Aradóttir (DÓA) UJ, Sema Erla Serdar (SES) UJ, Andrés Fjelsted (AJ) UJ, Hjördís Jónsdóttir (HJ) SÍNE og Margrét Ólöf Magnúsdóttir (MÓM) ÆSKP. Auk þess sátu fundinn Unnur Hjálmarsdóttir (UH) formaður, Sindri Snær Einarsson (SSE) varaformaður, Auður Geirsdóttir (AuG) gjaldkeri, Björn Guðmundsson (BG) alþjóðafulltrúi og Hildur Tryggvadóttir Flóvenz (HTF) framkvæmdastjóri.

1. Þingsetning og kosning þingforseta.

Unnur Hjálmarsdóttir (UH) formaður félagsins setti þingið. Hún gerði þá tillögu að Sindri Snær Einarsson (SSE) og Hildur Tryggvadóttir Flóvenz (HTF) yrðu þingforsetar. Tillagan var samþykkt með lófataki.

2. Kosning þingritara og kjörbréfanefndar.

SSE tók við stjórn þingsins og stýrði kjöri þingritara. Gerð var tillaga að Eyrún Ellý Valsdóttir (EEV) yrði þingritari. Var það samþykkt með lófataki. SSE lagði til að ekki yrði kjörin kjörbréfanefnd enda hefðu allir viðstaddir fulltrúar staðfestingu á skráningu frá formanni síns félags og félög þeirra greitt félagsgjöld. Einnig var lagt til að allir viðstaddir hefðu kosningarétt að undanskildum fulltrúa ÆSKP sem ekki hefur kosningarétt á þinginu samkvæmt lögum félagsins enda ekki fullgildur aðili að félaginu. Tillagan var samþykkt samhljóða.

3. Inntaka nýrra aðildarfélaga.

UH sagði frá því að AFS hefði sótt um inngöngu í LÆF í janúar 2010. Stjórn lagði til að AFS verði samþykkt sem fullgilt aðildarfélag. Aukaaðild var samþykkt á stjórnarfundum LÆF í janúar. Kosið var um inngöngu í leynilegum kosningum og var innganga þeirra samþykkt. AFS hlaut um leið fullan kosninga- og þátttökurétt í þinginu.

4. Skýrsla stjórnar lögð fram til umræðu.

UH fór yfir skýrslu stjórnar árið 2009. Breyting hafði á orðið á uppsetningu skýrslu stjórnar og heitir hún nú Ársskýrsla og fylgir almanaksárinu en ekki starfsári líkt og áður.

UH fór yfir helstu verkefni ársins 2009. Unnið var markvisst að málsvaahlutverki meðal annars með fundum við menntamálaráðherra og reglulegum fundum við starfsmenn íþrótt- og æskulýðsdeildar menntamálaráðuneytis. Auk þess var fundað með fulltrúum

Sóknaráætlunar 20/20 og tillögur til þeirra lagðar fram. Málsvarastarf fór einnig fram í kringum umsókn um stuðning af fjárlögum, í formi bréfa og funda með þingmönnum og nefndum. Það starf skilaði félaginu sömu upphæð til rekstrarins árið 2010 og fékkst árið 2009 og var það einsdæmi að fá ekki niðurskurð. LÆF stóð, ásamt Æskulýðsvettvanginum, fyrir fundi sem var kallaður Stefnumót ungs fólks og stjórnámálanna og er hugmyndin að gera slíkt að árlegum viðburði. Stjórnarfundir voru haldnir reglulega auk þess sem tveir fulltrúaráðsfundir voru haldnir á árinu. Verklagsreglum var breytt vegna fulltrúaráðsfunda og gerði það að verkum að ráðið varð virkara. Haldnar voru mánaðarlegar uppákomur frá hausti 2009 fyrir aðildarfélög sem tókst vel. Póstlisti félagsins hefur verið mjög virkur. Alþjóðastarf var blómlegt, einkum í gegnum aðildina að European Youth Forum.

Umræður

Spurt var hvort námskeið væru haldin á erlendum tungumálum. Svarað að það hefði ekki verið gert hingað til en vert væri að skoða það.

5. Ársreikningar lagðir fram til umræðu og atkvæðagreiðslu.

AuG fór yfir ársreikning félagsins. Auk styrks af fjárlögum hlaut félagið styrki frá Æskulýðssjóði og menntamálaráðuneyti bæði fyrir verkefni á árinu 2010 og vegna verkefnis á árinu 2009. Eins og áður er stærsti kostnaðarliður laun og launatengd gjöld. Lækkun varð á rekstarkostnaði félagsins samanborið við árið 2008 en kostnaður við námskeiðahald hækkaði bæði erlendis og innanlands.

HTF útskýrði nánar hækkun á námskeiðskostnaði. Engar aðrar umræður voru um ársreikninga.

SSE lagði reikningana til atkvæðagreiðslu og voru þeir samþykktir samhljóða.

6. Fjárhags- og framkvæmdaáætlun.

HTF fór yfir fjárhags- og framkvæmdaáætlun fyrir árið 2010. HTF útskýrði að framkvæmdaáætlun hafi verið samin í maí 2009 fyrir umsókn um styrk af fjárlögum. Margt hafi breyst í starfi LÆF frá þeim tíma en framkvæmdaáætlunin standi þó nokkurn veginn. Haldin var vinnudagur stjórnar haustið 2009 og voru þar skilgreind hlutverk og markmið félagsins og gerður verkefnalisti sem taldi 95 verkefni. Vorið 2010 eru 55 verkefni hafin eða lokið.

Í framkvæmdaáætlun er gert ráð fyrir að bæta samskipti við aðildarfélög, fjölga aðildarfélögum, uppfæra oftast heimasíðu og kynna félagið frekar. Auk þess er markmið að halda áfram með mánaðarlegar uppákomur fyrir aðildarfélög. Auk þess er stefnt að því að LÆF sé áfram virkt í alþjóðastarfi. HTF sagði frá því að það sem af er árinu 2010 hefðu verið haldnir viðburðir í janúar, febrúar og mars fyrir aðildarfélög en námskeið í apríl féll niður vegna dræmrar þátttöku. Bætt samskipti við aðildarfélög felast í þessum mánaðarlegu viðburðum auk fulltrúaráðsfunda, sambandsþings og könnunar sem gerð varð meðal þeirra í janúar 2010. Ekki hefur tekist að uppfæra heimasíðu oftast á þessum fyrri hluta árs samanborið við árið á undan en stefnt er að því að fjölga uppfærslum á árinu í heild. Aðildarfélögum hefur fjölgað um eitt á árinu 2010 og þrjú önnur félög hafa sýnt áhuga án þess að sækja um aðild. Ekki hefur verið farið í sérstaka kynningarherferð á LÆF, en

viðræður og fundir voru við UNICEF og Mannréttindaskrifstofu árið 2009. Alþjóðastarf hefur verið blómlegt og stefnir í að það verði áfram á árinu. Þegar hefur félagið tekið þátt t.d. í fundi systurfélaga sinna á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum og einum COMEM-fundi European Youth Forum auk þess sem ungmennaráðstefna undir formennsku Spánverja í Evrópusambandinu var sótt. Áfram verður unnið að alþjóðamálum, einkum í gegnum Norðurlandasamstarf, og aðildinni að European Youth Forum. Auk þess er stefnt að því að auglýsa sem flest tækifæri erlendis fyrir aðildarfélög og félagsmenn þeirra á póstlista félagsins. HTF sagði svo frá því að LÆF hefði tekið að sér að halda fimm námskeið um uppsetningu Lifandi bókasafns fyrir menntamálaráðuneytið og hafi fengið styrk til þess.

Að lokum fór HTF yfir endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir árið 2010.

Umræður

Spurt var hvort ekki væri ráð að efla frekar tengsl milli aðildarfélaga með skemmtunum og viðburðum, jafnvel bara á sósíal grundvelli. HTF svaraði að opinn dagur sem haldinn var í mars hafi verið hugsaður fyrir aðildarfélög að kynna sig og hittast ásamt því að kynna sig fyrir almenningi en það komi vel til greina að skoða fleiri viðburði fyrir aðildarfélög að hittast og kynnast.

7. Árgjald.

UH lagði til að árgjald yrði óbreytt, 5.000 kr.

Umræður

Spurt var hvaðan sú tala kæmi. Því var svarað að upphaflega hafi félagsgjöld verið 20.000 kr. en á sambandsþingi 2008 var ákveðið að lækka gjaldið í 5.000 kr. vegna þess að sum aðildarfélög gátu ekki greitt 20.000 kr. gjaldið. 5.000 kr. hafði þá verið ákveðnar því að flest félög hefðu talið sig geta greitt þá upphæð.

Kosið var um árgjaldið og það samþykkt samhljóða.

8. Tillögur og ályktanir.

UH lagði fram skilgreiningu stjórnar á hugtakinu „æskulýðsfélag“. Tillagan var sprottin úr umræðum á stjórnar- og fulltrúaráðsfundum og skilgreiningin unnin út frá því. Stjórnin óskaði eftir því að fá skilgreiningu samþykkt.

Umræður

Nokkrar umræður sköpuðust um skilgreininguna. Spurt var um aldurstakmörk og bent á að það yrði að komast til skila hvað átt væri við með félög með stjórn sem skipuð er ungu fólki.

Spurt var um viðbrögð Æskulýðssjóðs og menntamálaráðuneytis við þessari skilgreiningu. Því var svarað að skilgreiningin hefði ekki verið send út enda væri hún til umræðu á þinginu til samþykktar.

Spurt var hversu neðarlega bæri að skilgreina barnastarf. Svarað að skilgreiningar skarist á hugtökunum „börn“ og „æska“ og hvað eigi að teljast hvað. Sum aðildarfélög vinna með

börnum og æskulýðslög fjalla um börn og ungmenni frá 6 ára aldri. Ekki hafi hins vegar verið skilgreint sérstaklega hversu langt niður þetta nær.

Nokkuð miklar umræður sköpuðust um útskýringar með skilgreiningunni og voru þingfulltrúar ekki tilbúnir að leggja fram endanlegar breytingatillögur. Lagt var til að fresta afgreiðslu tillögu stjórnar og fela stjórn að vinna skilgreininguna frekar með umræður á þinginu í huga og tillagan þá tekin upp á næsta fulltrúaráðsfundi. Þetta var samþykkt.

UH kynnti hlutverk og markmið LÆF sem unnið var á vinnudegi stjórnar 2009 og samþykkt af fulltrúaráðsfundi í nóvember 2009 og skýrði frá því að þetta væri nú lagt fram til staðfestingar á sambandsþingi samkvæmt lögum LÆF en þar verða samþykktir fulltrúaráðsfundar að staðfestast af sambandsþingi.

Umræður

Spurt var hvað átt væri við með lagaramma fyrir félagasamtök á Íslandi. Því var svarað að enginn lagarammi væri til um frjáls félagasamtök á Íslandi. Til væri félag almannaheillasamtaka á Ísland sem hefði það á stefnuskrá sinni að þrýsta á stjórnvöld að gerður yrði lagarammi um frjáls félagasamtök á Íslandi. LÆF hefði verið í sambandi við þau samtök.

Spurt var hver munurinn væri á framkvæmdaáætlun og stefnumörkun. Því var svarað að stefnumörkun væri almenn fyrir félagið og framkvæmdaáætlanir væru unnar út frá henni.

Spurt var af hverju námskeiðahald og óformleg menntun væri ekki í stefnumörkuninni. Því var svarað að þau verkefni ættu heima í framkvæmdaáætlun og myndu þá falla undir lið 2 í stefnumörkuninni.

Hlutverk og markmið LÆF voru lögð fram til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða.

9. Lagabreytingatillögur.

Engar lagabreytingatillögur bárust fyrir sambandsþingið og því engar umræður undir þessum lið.

10. Fulltrúar í fulltrúaráði.

UH fór yfir þær tilnefningar sem höfðu borist í fulltrúaráð árið 2010–2011 og hvatti þau aðildarfélög sem ekki hefðu tilnefnt fulltrúa sinn í ráðið að gera það hið fyrsta.

11. Kosning formanns, varaformanns, gjaldkera, ritara, alþjóðafulltrúa og tveggja varamanna.

HTF tók við stjórn fundarins og kynnti þá sem höfðu boðið sig fram til stjórnarsetu og kallaði eftir framboðum á fundinum. Að því loknu voru eftirfarandi í framboði: UH frá URKÍ til formanns, SSE frá SÍF til varaformanns, AuG frá UJ til gjaldkera, BG frá SHÍ til alþjóðafulltrúa og SK frá AFS til varamanns. Þar sem engin mótframboð bárust í ákveðnar stöður voru frambjóðendur sjálfkjörnir. Enginn bauð sig fram í embætti ritara eða annars varamanns. HTF lagði því til að stjórn verði falið að fylla í stöður þeirra stjórnarmanna sem engin framboð bárust og fara í því að öllu leyti að lögum félagsins um setu í stjórn. Tillagan var samþykkt samhljóða.

12. Kosning skoðunarmanna reikninga.

Skoðunarmenn félagsins, Þráinn Sigvaldason og Kjartan Due Nielsen, gefa kost á sér aftur. Þeir voru sjálfkjörnir því að önnur framboð bárust ekki.

13. Önnur mál.

a. HTF sagði að frá því að hún hefði sagt starfi sínu hjá LÆF lausu og myndi hætta um miðjan ágúst. Sagði hún frá því að staða framkvæmdastjóra yrði auglýst í júní. Hún þakkaði stjórnarmönnum fyrir samstarfið.

b. Spurt var um hvaða félög hefðu sagt sig úr LÆF haustið 2008. Því var svarað að það hefðu verið Samfés og Nýung.

Ekki voru fleiri önnur mál og sleit UH endurkjörinn formaður LÆF þinginu.

Fundargerð ritaði:

Eyrún Ellý Valsdóttir.